

EIGENDAFUNDUR ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2016, miðvikudaginn 30. nóvember kl. 10:00 var haldinn eigendafundur Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1.

Fundurinn var boðaður með bréfi dags. 22. nóvember 2016.

Þessi sátu fundinn: Dagur B. Eggertsson borgarstjóri, Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri og Gunnlaugur A. Júlíusson, sveitarstjóri. Einnig sátu fundinn Brynhildur Davíðsdóttir stjórnarformaður, Bjarni Bjarnason forstjóri, Ingvar Stefánsson, framkvæmdastjóri fjármála OR, Guðrún Erla Jónsdóttir, stefnustjóri OR.

Fundarritari var Eiríkur Hjálmarsson.

Þetta gerðist:

Formaður stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur setti fund og var kjörin fundarstjóri. Fundarstjóri fór yfir boðun fundarins. Engar athugasemdir voru gerðar við boðun. Að því loknu úrskurðaði fundarstjóri fundinn löglegan.

1. Samþykkt fjárhagsáætlun 2017 og langtímaáætlun 2018-2022 lagðar fram til kynningar. Áætlanir hafa verið endurskoðaðar vegna breytingar á forsendum fjárhagsáætlunargerðar frá Reykjavíkurborg.

Ingvar Stefánsson kynnti áætlanirnar. Umræður.

2. Svohljóðandi tillaga lögð fram:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur leggur meðfylgjandi áhættustefnu fyrir eigendafund til samþykktar.

Tillöggunni fylgir greinargerð og á sérstöku skjali sú áhættustefna OR sem gerð er tillaga um.

Ingvar Stefánsson kynnti tillöguna og svaraði fyrirspurnum. Umræður.

Samþykkt einróma.

3. Fyrirhugaðar gjaldskrárbreytingar Veitna ohf. Bjarni Bjarnason kynnti breytingarnar. kynntar. Umræður.
4. Lögð fram skýrsla stjórnar OR um framfylgd eigendastefnu. Guðrún Erla Jónsdóttir kynnti efni skýrslunnar. Umræður.
5. Önnur mál.

- Borgarstjóri þakkaði fyrir samstarfið á árinu 2016 og óskaði þess að hér eftir sem hingað til fái sveitarstjórnir eigenda kynningar á mikilvægum viðfangsefnum í rekstri OR og dótturfyrirtækjanna eftir því sem tilefni er til, s.s. á fjármálum og stöðu auðlindanýtingar við Hellsheiðarvirkjun.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 11:00.

Dagur B. Eggertsson

Gunnlaugur A. Júlíusson

Regína Ásvaldsdóttir